

Fréttabréf



9. ÁRGANGUR // 2. TÖLUBLAÐ // MARS 2011



Aðalfundur FIT

Heimsókn á Reykjanes

Landnám í Heiðmörk

Erum á réttum stað -

viðtal við Rannveigu Maríu Jóhannesdóttur

Lykilorð á orlofsvef- inn



Lykilorð félags-
manna inn á
orlofsvefinn
er að finna á
félagsskírtein-
inu, það eru
tölurnar á eftir
kennitölunni.

Þegar félagsmaður
hyggst panta eða skrá leigu eða kaup á þjónustu í
gegnum orlofsvef FIT þarf að skrá kennitölu og lyk-
ilorð, sem eins og áður segir er á félagsskírteininu.

Ef um er að ræða ósk um sumarleigu er fyrst valið
hús og svo tímabil.

Þegar úthlutun er lokið geta þeir sem fengu úthlutað
farið inn á orlofsvefinn og greitt með greiðslukorti
fyrir leiguna.

Nýr orlofshúsa- bæklingur



Orlofshúsabæklingur FIT
fyrir árið 2011 er kominn út
og fylgir fréttabréfinu. Að
þessu sinni er boðið uppá
29 orlofsíbúðir auk íbúðar
í Reykjavík sem er í dags-
leigu, íbúðar á Spáni sem
er í tveggja vikna leigu,
húss á Florida sem er í
dagsleigu og tjaldvagna
sem eru í sex daga leigu.
Þá eru í boði afslættir á

ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttarmiðar
vegna hótलगistinga, veiðikortið og fleira. Óhætt er að
fullyrða að fá ef þá nokkur félög af svipaðri stærð bjóða
uppá jafn marga og fjölbreytta orlofskosti. Félags-
menn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern
af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.

Fréttabréf FIT
2. tbl. 9 árg. mars 2011

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Golfmót Samiðnar



Við minnum á árlegt golfmót Samiðnar sem
verður haldið í Öndverðarnesi fimmtudaginn 2.
júní n.k. (uppstigningardag) Mótið er jafnframt
innanfélagsmót aðildarfélaganna og eru félags-
menn FIT hvattir til að taka þátt. Skráning er á
Þjónustuskrifstofu iðnfélaganna, Borgartúni
30, sími 535 6000 einnig má tilkynna þátttöku
með tölvupósti á netfangið helga@samidn.is. Við
skráningu þarf að gefa upp nafn, kennitölu og
förgjöf.

Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu
Samiðnar, www.samidn.is og heimasíðu FIT,
www.fit.is þegar nær dregur.

Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afslátt-
arkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú eru
skráð þar nærri 50 fyrirtæki sem veita félags-
mönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini
í FIT. Um er að ræða afslætti á bilinu 5% til 50%.
Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina við-
skiptum sínum til umræddra fyrirtækja og nýta
afsláttarkjörin.

Út í bláinn

Minnum á ferðirnar „Út í bláinn“ sem farnar eru
að jafnaði síðasta sunnudag í hverjum mánuði.
Fylgist með á heimasíðum FIT og Fagfélagsins
eða hringið í Þjónustuskrifstofu iðnfélaga 535
6000 til að fá frekari upplýsingar.



Kjarasamningagerðin gengur hægt

Á kjaramálaraðstefnu Samiðnar í haust kom fram mikill vilji til að taka höndum saman við önnur iðnfélög um samstarf við kjarasamningsgerð. Þetta hefur gengið eftir og hafa forsvarsmenn félaganna haldið marga fundi til að samræma kröfur sínar og mætt samstillir á fundi með samninganefnd SA. Kaupmáttur launa iðnaðarmanna hefur fallið mikið frá árinu 2008. Það hefur því verið aðalmarkmið samninganefndar iðnaðarmanna að semja þannig að kaupmáttur aukist að nýju. Að sjálfsögðu eru mörg önnur atriði til umræðu og mörg mál sem þarf að ræða á þrískiptu borði þ.e. bæði við SA og ríkisvaldið. Þetta hefur reynst tímafrekara en menn áttuðu í fyrstu, og má að mestu leiti skrifa þennan seinagang á SA sem markvisst stefndi nánast öllum samningum á almennum markaði á sama tímapunktinn og getur ekki með góðu móti annað þeirri eftirspurn sem er um viðræður. Þá hafa sömu aðilar markað þá skíru stefnu að umræður um launalið verði ekki leiddur til lykta nema að stefnan hafi verið mörkuð á almenna markaðnum, þar verði launastefna fyrir alla mörkuð. Þessi afstaða hefur leitt til þess að sérkjarasamningar ganga ákaflega hægt og er vel skiljanlegt að starfsmenn t.d. Alkan, Elkem og Norðuráls finnist lítið vera að gerast í þeirra málum. Viðræður við ríkisvaldið ganga enn hægar og því erfitt að spá fyrir um lok kjaraviðræðna. Inn í þetta spinnst svo umræðan

um tímalengd samningsins, en að sjálfsögðu fer tímalengdin að miklu leiti eftir því hvað um semst að öðru leiti. Við vonum þó öll að menn fari nú að taka sig á í þessum efnum og klára samningsgerðina. Hitt er öllum ljóst að meðan ósamið er á almennum markaði er ekki að búast við að hjól atvinnulífsins snúist af miklum hraða. Atvinnuleysistölur segja okkur að rúmlega 14.000 manns séu án atvinnu um þessar mundir og er það að sjálfsögðu allt of háar tölur. Örlítil sólargeisli er þó að skrifað hefur verið undir samninga um starfrækslu á Kísilmálmverksmiðju á Reykjanesi, þar, sem eins og undanfarið, mælist mest atvinnuleysið. Vonir standa til að um 200 manns muni vinna að uppbyggingunni og u.þ.b. 90 fái framtíðarstarf við verksmiðjuna.

Í þessu blaði er fundarboð aðalfundar FIT og er það von mín að sem flestir sjái sér fært að mæta. Vonandi verður á þeim fundi hægt að fagna nýjum kjarasamningum en ég er þó hóflega bjartsýnn. Margt annað er í blaðinu en helsta nýmælið sem snertir félagsmenn er sú ákvörðun að gera ekki umsóknareyðublað fyrir orlofshúsaumsóknir sumarsins heldur fá fólk til að sækja um á heimasíðu FIT. Ég hef þá trú að í félaginu sé framfarasinnað fólk sem setji slíkt ekki fyrir sig.

Hilmar Hardarson, formaður FIT.



IDAN
fræðslusetur

NÝ OG
FJÖLBREYTT
NÁMSKEIÐ
Í BOÐI

VOR 2011

SÍMENNTUN Í IÐNAÐI



2643 fagmenn

sækja sér símenntun hjá IÐUNNI
á hverri önn. Ert þú einn af þeim?

**Kannaðu framboðið í námsvísí
IÐUNNAR á vorönn 2011**



IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is

IDAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bilgrein hópin. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bilgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar. Hlutverk IÐUNN er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bil-, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

Þetta er húsið þitt!

Enn og aftur verðum við að minna á að leigugjaldið fyrir orlofsíbúðirnar fer að miklu leyti eftir því hversu mikið þarf að þjónusta íbúðirnar. Ef tekin væri upp sú regla að yfirfara hverja íbúð að leigutíma loknum, mundi það kalla á starfsmann sem nánast eingöngu sinnti því og hækka yrði leigugjaldið verulega. Hverjum og einum sem leigir, ber skylda til að ganga vel og snyrtilega um og þrifa eftir sig. Það er hinsvegar alls ekki svo. Allt of oft verðum við fyrir því að illa hefur verið skilið við íbúðirnar. Sumum finnst greinilega að eftir helg-ardvöl sé nægjanlegt að sópa yfir gólfín í stað þess að þvo þau eins og gerð er krafa um í leigusamningi. Margir sleppa því að strjúka yfir gluggakistur og hillur þannig að þar safnast upp ryk, en verst er þó þegar fólk fer án þess að þrifa og skilur diskana óhreina eftir í uppþvottavélinni, setur hana í gang en skrúfar svo fyrir vatnsinntakið. Til er það fólk sem þrífur ekkert og skilur jafnvel ruslið eftir í skápunum, það vill enginn koma að húsunum í svoleiðis ástandi. Við hvetjum fólk til að taka vettvangsmyndir og senda okkur ef það vill kvarta.



Við höfum nú farið í að útiloka á útleigu til þeirra sem verða uppvísir að slæmri umgengni og jafnvel krefja fólk um aukagreiðslu. Upphæðin getur verið breytileg eftir umfangi þrifanna sem gera þarf, en hitt er líka ljóst að fari umgengnin ekki að lagast verður að taka upp eftirlit með tilheyrandi kostnaði.

Nú skal það viðurkennt að svörtu sauðirnir í þessu sambandi eru lítill hluti leigutaka. Langflestir ganga mjög vel um og eru sér og félaginu til mikils sóma.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina

verður haldinn í Iðnaðarmannasalnum Skipholti 70
laugardaginn 26. mars 2011 kl. 11:00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Lagabreytingar, 1. grein félagslaga
5. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga og uppstillinganefndar lýst.
6. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að
7. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.



Orlofshús FIT í Svignaskarði, verið er að stækka húsið.

Viðhald orlofshúsa

Undanfarnar vikur hefur verið unnið mikið starf í viðhaldi orlofshúsa hjá félaginu. Í Brekkuskógi og Úthlíð hefur verið unnið í 6 húsum þar sem borið hefur verið á glugga og hurðir og eftir atvikum málað. Ekki hefur viðrað til útivistu en vonandi rætist úr því með vorinu. Hafin er stækkun á húsinu í Svignaskarði og mun fjölga þar um eitt svefnherbergi, auk þess sem endurnýjuð verður innrétting í eldhúsi og settur gólfhiti. Eftir breytingarnar verður húsið einnig aðgengilegt fyrir hjólastóla. Ætlunin er að ljúka þessu verki í marslok. Um þessar mundir er að hefjast mikil vinna við blokk-

ina í Furulundi 10 á Akureyri og í maí verður lokað þar fyrir útleigu og skipt um eldhúsinnréttingar í báðum íbúðum FIT auk þess sem þær verða málaðar. Í maí verður einnig lokað í Furulundi 11 þar sem sett verður ofnalögn í húsið og málað.

Allar þessar framkvæmdir kosta mikla peninga en ekki þótti forsvaranlegt að fresta þessu viðhaldi lengur. Annað sem einnig er mikilvægt er umgengni í húsunum. Þessar endurbætur leiða vonandi til betri umgengni en óþarf er að minna á að forsenda lágrar leigu er góð umgengni í húsunum.



Þorsteinn Benjamínsson, verktaki ásamt starfsmönnum sínum.



Sumarorlofsumsóknir á vefnum

Í ár verður ekki sent út umsóknareyðublað fyrir orlofshúsaúthlutun sumarsins, heldur er eingöngu sótt um á netinu. **Opnað verður fyrir umsóknir föstudaginn 18. mars og lokað verður fyrir umsóknir miðvikudaginn 30. mars.** Einnig má senda tölvupóst á orlof@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað sent skriflegar óskir til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30 105 Reykjavík. Síkar umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 30. mars. Ekki verður tekið við umsóknum í síma.

Sumarleiga hefst föstudaginn 3. Júní. Leigu-tímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag. Verð á vikuleigu verður kr. 19.600.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að setja inn kennitölu og lykilorð og velja fyrst hús og svo tímabil. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Enn eru lausar vikur í orlofsíbúðinni á Spáni. Þar gildir nú reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“ og er hægt að fá nánari upplýsingar og ganga frá pöntun

í gegnum síma þjónustuskrifstofunnar 535 6000.

Nokkur ferðatilboð sem auglýst voru í síðasta fréttabréfi eru einnig laus. Þar gildir einnig að „fyrstur kemur, fyrstur fær“ og er hægt að fá nánari upplýsingar og ganga frá pöntun í gegnum síma þjónustuskrifstofunnar 535 6000.

Opnað var fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída vegna ársins 2012 þann 1 mars s.l. Ekki var að sökum að spyrja, þegar í stað seldist sem svaraði tveimur mánuðum og eitthvað í viðbót hefur selst síðan. Áhugi manna virðist vera gríðarlegur enda kostar ekki nema kr. 10.000 hver sólarhringur í húsi sem rúmar 12 manns. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

Minnum einnig á „miðasöluna“ á orlofsvef FIT. Þar er hægt að kaupa hótulgistingu og veiðikortið. Einnig mun útilegukortið koma í sölu innan tíðar. Þá er verið að reyna að semja um afsláttarkjör á flugmiðum og vonandi fæst niðurstaða í það mál innan tíðar.

Fylgist með á www.fit.is



Heiðmörk er stærsta útivistarsvæðið í nágrenni höfuðborgarinnar. Svæðið er um 3000 ha. að stærð en af því er um 800 ha. skógi vaxnir. Saga Heiðmerkur er áhugaverð fyrir margra hluta sakir, varðandi jarðfræði, sögu og framkvæmdavilja fólks. Þar eru náttúruundur eins og Rauðhólarnir, í bland við minjar sem taldar eru vera frá Kjalarnesþingi, forvera Alþingis, og uppistöðulón Elliðaárvirkjunar, Elliðavatn.

FIT í Heiðmörk

Sigurður Guðmundsson málari hafði hug á því þegar árið 1870 að gera Heiðmörk að útivistarsvæði fyrir Reykvíkinga, en sú hugmynd varð ekki að veruleika fyrr en um 70 árum síðar þegar Hákon Bjarnason, þáverandi skógræktarstjóri, kom fram með hugmynd um friðland og útivistarsvæði fyrir borgarbúa og verndun kjarrleifa á þessu svæði. Sigurður Nordal lagði til að svæðið yrði nefnt Heiðmörk sem var fornt heiti á fylki í Noregi. „Heiðmörk á að verða okkar sólskinsblettur í heiði í réttri merkinu; þar eigum við að njóta heiðríkju lands og loftsbeturs en unnt er að gera á götum bæjanna, heiðríkju hugans, heiðríkju einverunnar“.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur frá upphafi



loftmynd úr Heiðmörk.

sinnt svæðinu sem var friðað árið 1950. Gróðursetning hefur verið í höndum starfsmanna félagsins, fjölmargra landnema en einnig hefur Vinnuskóli Reykjavíkur unnið mikið starf á svæðinu. Mikil tilraunastarfsemi með mismunandi trjátegundum og ræktunaraðferðum hefur farið fram undanfarna áratugi en nú er aðallega gróðursett sitkagreni, stafafura og birki. Nú hafa verið gróðursettar yfir 5 milljón plöntur í svæðið sem er með yfir 60 tegundum trjáa og runna.

FIT RÆKTAR LANDIÐ

Í gegnum áratugin hefur Skógræktarfélagið útdeilt yfir hundrað landnemaspildum til félagsamtaka, fyrirtækja og einstaklinga. Fyrstu landnemaspildunum var úthlutað á Elliðavatnsheiði þegar Heiðmörk var vígð árið 1950 en árið 1990 kom önnur bylgja skógræktaráhuga í landinu og þá var mörgum spildum úthlutað. Margir landnemar hafa haldið tryggð við spildur sínar og komið árlega og gróðursett í sinn reit. Nú felst umhirða landnemanna mest í umhirðu og grisjun, enda skógurinn vaxið mikið. Komið hefur í ljós að Félagi bílasmiða var úthlutað reit í Heiðmörk í kringum 1950. Sveinafélag pípulagningarmanna og Félag blikksmiða fengu svo úthlutað reitum í seinni bylgjunni í kringum 1990. Þessi félög hafa sameinast undir merki FIT, Félags iðn- og tækni-



Kort af Heiðmörk þar sem reitir FIT hafa verið merktir.

greina, og hefur FIT nú ákveðið að leggja áherslu á að rækta reitina áfram og nýta þá í starfinu fyrir félagsmenn sína, bæði hvað varðar útivist en líka til námskeiðahalda.

NÁMSKEIÐ OG ÚTIVIST

Tryggvi Arnarson, umhverfisgarðyrkjufraeðingur og varaformaður FIT, segir að uppi séu hugmyndir um að nýta svæðin til útivistar, atburða og námskeiðahalda á vegum félagsins og það byrji strax í vor. Hann segir að FIT muni halda námskeið í grisjun trjáreita í eldri reitnum, sem er vel gróinn, en námskeið í gróðursetningu í nýrri reitunum. Mjög spennandi sé að gera tilraunir með gróðursetningu og útiræktun á ávaxta- og berja-plöntum, sem sé þegar byrjað að gróðursetja hirlendis með ágætum árangri. „Þannig getum við sett niður eplatré og plómutré, ræktað hindber og kirsuber sem hugsanlegar tegundir. Útiræktun á ávöxtum á Íslandi er í þróun og við getum tekið þátt í því“, segir Tryggvi.

En reitirnir bjóða líka upp á að félagið geti staðið fyrir skemmtilegum viðburðum og útivist fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. „Hægt er að halda til að mynda fjölskyldudaga á sumrin með útivist og

grilli og fara í sveppatínsluferðir á haustin. Þarna eru ótal möguleikar fyrir okkur“, segir Tryggvi.

TAKIÐ ÞÁTT!

Allir félagsmenn FIT eru hvattir til að taka þátt í þessu starfi sem framundan er á reitum félagsins í Heiðmörk og njóta þeirra möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða, hvort sem það er á námskeiðum eða með því að njóta útivistar. Viðburðirnir sem eru fyrirhugaðir verða vel auglýstir á heimasíðu félagsins, á póstlista og í fréttabréfum. (sjá bls 10) Vorið er skammt undan



Vetrarmynd úr Heiðmörk.

Námskeið fyrir félagsmenn FIT

Þátttökugjald er kr. 1.000 fyrir hvort námskeið

Á báðum námskeiðunum verður boðið uppá snarl í hádeginu

Skráning er hafin og þarf að skrá sig hjá Þjónustuskrifstofu iðnfélaga í síma 535 6000 fyrir miðvikudaginn 30. mars og gefa þarf upp kortanúmer til greiðslu á námskeiðsgjaldi.

Takmarkaður þátttakendafjöldi á hvoru námskeiði.

GREINAGOTT NÁMSKEIÐ Í GRISJUN

FIT stendur fyrir námskeiði í grisjun í skóglendi, laugardaginn 2. apríl n.k. kl. 10.00 - 16.00. Kennt verður hvernig á að umgangast keðjusög, öryggisatriði og brýning. Í framhaldi verður farið á svæði FIT, sagað og klippt og farið yfir helstu atriði sem hafa verður í huga við grisjun.

Kennarar verða helstu sérfræðingar landsins í faginu.

Mæting er við aðstöðu skógræktarinnar við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk.

AÐ SMÍÐA ÚR VIÐI VIÐ OG VIÐ

FIT stendur fyrir námskeiði í notkun og smíði úr hráviði, laugardaginn 9. apríl n.k. kl. 10.00 - 16.00.

Kennt verður hvernig nýta má efnivið úr grisjun og útbúin útihúsgögn svo sem, bekkur, kollur og fleira.

Kennarar verða helstu sérfræðingar landsins í faginu.

Námskeiðið verður haldið í aðstöðu skógræktarinnar við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk.





Stjórn FIT. Á myndinni eru, í fremri röð frá vinstri: Ólafur S. Magnússon, Sveinn Ingason, Hilmar Harðarson, Ármann Ægir Magnússon, Tryggvi Arnarson og Rannveig María Jóhannesdóttir. Í aftari röð frá vinstri: Georg Ólafsson, Gunnar Gunnbjörnsson, Helgi Pálsson, Helgi Ólafsson, Sveinn Jónsson og Einar Gíslason.

Stjórnarkjör FIT

Eins og félagsmenn eflaust vita er helmingur stjórnar kosinn árlega og er því kjörtímabil hvors hluta tvö ár. Það er hlutverk uppstillingarnefndar samkvæmt lögum félagsins að tryggja að boðið sé fram og mátti sjá tillögur hennar í síðasta fréttabréfi. Frestur til að skila inn framboðum rann út samkvæmt lögum félagsins, að kvöldi 19. febrúar. Ekki bárust önnur framboð en þau sem uppstillingarnefnd gerði tillögur um og eru því frambjóðendur uppstillingarnefndar sjálfkjörnir.

Kosnir voru að þessu sinni Hilmar Harðarson formaður og Sveinn Ingason ritari. Meðstjórnendur verða Georg Ólafsson, Gunnar Gunnbjörnsson, Vilhjálmur Gunnarsson og Ólafur Magnússon. Einnig kemur Valdimar Birgisson múrari inn sem nýr meðstjórnandi. Varamenn í stjórn verða Þorsteinn Kristmundsson og Rannveig María Jóhannesdóttir, en Rannveig er tækniteiknari og kemur ný inn. Kjörinu verður lýst formlega á aðalfundi félagsins laugardaginn 26. mars.



Frá aðalfundi FIT 2010.



Félag tækniteiknara hefur nýlega gengið til liðs við FIT, Félag iðn- og tæknigreina. Rannveig María Jóhannesdóttir sat í stjórn Félags tækniteiknara og er nýkjörin í varastjórn FIT.

„Erum á réttum stað“

Hvenær var Félag tækniteiknara stofnað?

Félagið var stofnað þann 31. október 1969. Það voru að megninu til konur sem stofnuðu félagið og voru félagsmenn um 20 talsins. Þetta var mjög öflugt félag í byrjun og kraftur í starfinu. Það var fyrst og fremst stofnað vegna samstöðu í kjara- baráttu tækniteiknara. Konur hafa ávallt verið í miklum meirihluta í félaginu, þó að það hafi einnig verið karlmenn með. Þetta var frekar lítið



fagfélag, sem hafði ekki verið með orlofssjóð eða sjúkrasjóð en nútíminn gerir kröfur um slíkt.

Hvað var félagið stórt?

Flest höfum við verið um 100 manns í félaginu, en erum um 70 þegar við göngum í FIT. Við vorum með samstarfssamning við VR og margir félagsmanna okkar höfðu valið að vera bæði félagar í VR og Félagi tækniteiknara. Nú undir það síðasta gengu sumir eingöngu í VR, þeim fannst félagið okkar ekki geta boðið þá þjónustu sem nútíma stéttarfélag á að gera.

Hvers vegna fóruð þið að leita eftir sameiningu við annað félag?

Við vorum lítið félag, það var erfitt að fá fólk til starfa í stjórn og reka félagið í sjálfu sér. Mín skoðun er sú að félagið hafi verið í hættu á að lognast út af. Það vantaði samstöðu, og fáir gáfu kost á sér að vinna í stjórn. Svo er erfitt að halda úti litlu félagi án sjóða og annarrar þjónustu sem nauðsynlegt er að bjóða upp á nú á dögum. Þess vegna var fólk að sjálfsögðu farið að sækja í VR í meira mæli til að hafa aðgang að sjúkra- og orlofssjóði og öðrum réttindum og þjónustu. Okkur fannst við vera að hverfa inn í fjöldann og sérstaðan að glatast.

Af hverju varð FIT fyrir valinu?

Ástæðan fyrir því að FIT varð fyrir valinu er að okkur finnst við ekki vera skrifstofufólk og eigum því í raun ekki heima hjá VR. Við höfðum, eins og



Rannveig María Jóhannesdóttir.

áður sagði, gert samstarfssamning við VR. Sá samningur var ekki að virka eins og við reiknuðum með. Við vildum halda sérstöðu okkar og halda utan um okkar félagsmenn. Við vildum líka halda utan um okkar iðngrein, kynna hana og fá fólk inn og vinna með okkur. Við vorum með aðstöðu hjá VR og borguðum í sjóði en þurftum í raun að verða félagsmenn hjá VR til að njóta þjónustunnar. Hins vegar var mjög gott viðmót hjá þeim og þeir komu vel fram en markmið okkar voru önnur en þeirra. Eftir að við urðum meðvituð um að starfandi væri öflugt félag iðn- og tæknigreina þá urðum við áhugasöm um það. Tækniteiknun er iðngrein, kennd við iðnskóla og tækniskóla. Við settum okkur því í samband við FIT, sem tók vel á móti okkur, og ferlið fór af stað og gekk hratt og vel. Það var einhugur innan okkar stjórnar að ganga til liðs við FIT, þó að sumir félagsmenn líti svo á að það sé verið að leggja niður félagið, en ég lít ekki þannig á það. Þetta er áfram fagfélag innan stéttarfélags, og við þurfum að koma þeim skilaboðum til allra tækniteiknara.

Hverjar eru væntingarnar til samstarfsins?

Niðurstaðan hlýtur að vera sú að hugsa fyrst og fremst um þjónustu og réttindi félagsmanna í nútímapjóðfélagi og það er mun betur tryggt í FIT. Fólk verður að hafa sjúkrasjóði og það er mjög æski-

legt að vera með góðan orlofssjóð og aðra þjónustu sem stórt félag getur veitt sínu fólki. Einnig ætti FIT að geta haldið utan um okkar faggrein og vakið athygli á því að hún sé til og þróun innan hennar til framtíðar. Það er tekið vel á móti okkur hér, það er ekki ætlast til þess að við hverfum inn í félagið heldur er unnið með okkur sem faggrein því við erum fyrst og fremst iðn- og tæknigrein, og viljum og getum orðið sýnilegri. Það eru mun fleiri menntaðir tækniteiknara heldur en eru í félaginu okkar. Það er því keppikefli fyrir okkur að búa okkur gott félag með góða þjónustu til að fá fólkið með þessa menntun saman, ná upp samstöðu og góðum réttindum og þjónustu. Við erum á réttum stað hér.





Ólafur S. Magnússon, stjórnarmaður í FIT (annar frá vinstri) ásamt hópi fólks sem vinnur að endurbótum á gamla „Officerklúbbnum“ á Ásbrún.

Vettvangsferð á Reykjanes

Atvinnuleysistölur frá Suðurnesjunum varpa ljósi á að þar sé meira atvinnuleysi en að meðaltali á landinu. Undanfarin misseri hafa þó oft komið upp í umræðunni spennandi verkefni sem ætlunin var að hrinda í framkvæmd á svæðinu en af einhverjum ástæðum hafa þau verkefni annaðhvort tafist eða jafnvel lagst af. Þó er hægt að fullyrða að nauðsynlegt sé að sækja fram með ný verkefni og metnað til að vinna bug á atvinnuleysinu. FIT fór í vettvangsferð suður með sjó til að hitta félagsmenn sína og taka púlsinn á ástandinu.





Athafnasvæði í Helguvík þar sem fyrirhuguð Kísilmálmverksmiðja mun rísa.

Kísilmálmsverksmiðja í Helguvík

Íslenska kísilfélagið hyggst reisa 40.000 tonna kísilmálmverksmiðju í Helguvík á Suðurnesjum, en í febrúar sl. voru undirritaðir samningar milli íslenskra stjórnvalda, Reykjanesbæjar og Íslenska kísilfélagsins um framkvæmdirnar. Það er að mestu í eigu bandaríska félagsins Globe Speciality Metals. Tíðindin eru ekki einugis jákvæð fyrir Suðurnesjamennt, heldur alla landsmenn, því þetta sýnir að fjárfesting á Íslandi er aftur hafin.

MIKIL EFTIRSPURN

Kísill, eins og sá sem framleiddur verður í kísilverksmiðjunni í Helguvík, er notaður í um 12.000 mismunandi vörutegundir. Í verksmiðjunni verður framleiddur um 99% hreinn kísill og búið er að semja við þýskt fyrirtæki um kaup á megninu af honum. Kísill er til dæmis notaður í hjólbarða, þéttiefni, brjóstaþyllingar, tölvubúnað og sólarhlöður og svo er honum oft blandað saman við járn og ál til að gefa þeim efnum meiri sveigjanleika. Kísillinn úr

verksmiðjunni í Helguvík mun að mestu fara í sólarhlöður en mikil eftirspurn er eftir kísli um þessar mundir vegna aukinnar sölu á slíkum hlöðum.

MÖRG STÖRF Í HÚFI

Framkvæmdir gætu hafist í Helguvík í vor og gætu þar með skapast um 150 störf á framkvæmdatímanum næstu tvö ár, en ráðgert er að framleiðsla geti hafst um mitt ár 2013. Verksmiðjan þarf um 65 MW af raforku til að framleiða 40.000 tonn af hrákísil á ári. Gengið hefur verið frá raforkusamningum við Landvirkjun og HS Orku og viljayfirlýsing um raforkuflutning við Landsnet liggur fyrir. Um 90 framtíðarstörf gætu skapast með tilkomu verksmiðjunnar, en á Suðurnesjum er mest atvinnuleysi á landsvísu eða um 13%. Iðnaðarráðherra hefur sagt að þessi framkvæmd komi ekki til með að hafa nein áhrif á álverið í Helguvík. Þetta eigi vel heima hlið við hlið í Helguvíkinni.



Hilmar Harðarson, formaður FIT og Ólafur S. Magnússon, stjórnarmaður í FIT ásamt starfsmönnum sem vinna við uppbyggingu nýs álvers Norðuráls í Helguvík.

Álver rís í Helguvík

Það er Norðurál sem er að reisa nýtt álver í Helguvík. Unnið hefur verið að verkefninu frá árinu 2004 og var fyrsta skóflustunga tekin í júní 2008, en síðan hefur verið unnið við framkvæmdir á svæðinu, þó að ekki liggi endanleg ákvörðun fyrir í málinu. Gert er ráð fyrir að um 600 ný störf verði til með álverinu og um 800-1000 afleidd störf í samfélaginu. Einnig er gert ráð fyrir um 4000 ársverkum við byggingu álversins. Kerskálar og steypuskáli álversins verða innan sveitarfélagsins Garðs en súrálsgeymar og hafnaraðstaðan í landi Reykjanesbæjar. Allur búnaður verður samkvæmt bestu fánlegri tækni og álverið verður eitt hið umhverfisvænsta í heimi. Norðurál gerir ráð fyrir að gangsetning fyrsta áfanga geti hafist fyrri hluta ársins 2012 og að álverið geti orðið fullbúið árið 2016.



Páll Þór Þorkelsson.

Hvernig er að vinna í svona stóru verki þegar ekki er tryggt hver útkoman verður?

Við vitum hvað liggur fyrir næstu vikur en svo ekki meir. Síðan lesum við bara það sem kemur fram í fjölmiðlum hvað um er að vera, en það eru heilmiklar framkvæmdir hér í gangi eins og er.

Hvernig er atvinnuástandið á Suðurnesjunum?

Það er bagalegt. Þetta verkefni í Helguvík getur verið í lykilhlutverki hér ásamt öðrum verkefnum sem eru áformuð, til að mynda kísilverksmiðjan.



Kerskálur Norðuráls í byggingu.

Hvernig er atvinnuástandið á Suðurnesjunum?

Eins og atvinnuleysistölur gefa til kynna þá er það frekar bágborið.

Eru stjórnvöld að sýna þessu ástandi skilning?

Ég ætla ekki að fullyrða um hvort það skorti skilning eða getu. Það má að minnsta kosti fullyrða að bæði ríki og sveitastjórnir mættu vinna betur saman til að ná árangri. Allir sem koma nálægt stjórn máluðum eiga að vinna að því markmiði að koma hjólum atvinnulífsins í gang.

Ertu bjartsýnn á að þetta verkefni muni klárast eins og til stóð?

Það eru heilmiklar framkvæmdir hér í gangi og vonandi verður það álver sem rís hér.



Guðmundur Þorkelsson.



Á Reykjanesi er í smíðum nýbygging sem hýsa á fiskþurrkun sem starfað hefur í Garðinum. Verktakarnir eru Bragi Guðmundsson ehf. frá Garðinum og Grindin ehf. frá Grindavík. Bragi er gamalreyndur verktaki sem hefur byggt mikið af íbúðarhúsnæði á 35 ára ferli og komið að margskonar öðrum verkefnum, en bróðir hans Magnús, sem er líka þaulreyndur í bransanum rekur Grindina. Nú vinna þeir saman að nýrri byggingu fyrir fiskverkunina Háteig í Garðinum. Mjög áhugavert er að húsið stendur við borholuna sem gefur jarðhitann sem notaður verður við þurrkunina. 16-18 starfsmenn koma að verkefninu sem á að vera lokið í vor.

Byggja við borholuna

Hvernig er atvinnuástandið?

Ég held að það sé almennt ekki gott, þó að það sé gott hjá okkur eins og er, við vorum heppnir. Við erum einnig að byggja 54 íbúðir í Garðinum og það fer bara eftir því hvernig landið liggur í vor, þegar við losnum héðan, hvort við klárum þær.

Hvað þarf að koma til frá hinu opinbera til að liðka fyrir ástandinu?

Ég held að það þurfi að koma til einhver jákvæðni til okkar hérna á Suðurnesjunum. Að það sé ekki alltaf verið að leggja einhverja steina í okkar götu. Það er búið að undirbúa mikið af framkvæmdum og möguleikum en það þarf líka að koma þessu öllu í gang. Reykjanesbær er búinn að leggja mikið undir að koma ýmsum verkefnum í gang en það eru alltaf einhverjir þröskuldar. Það þarf viðhófsbreytingu. En þetta er ekki slæmt svæði. Það er mjög gott að búa á Suðurnesjunum. Ég er búinn að reka hérna fyrir tæki í 35 ár, en þetta er meira basl núna, því er ekki að neita.



Bragi Guðmundsson, verktaki.

Þrátt fyrir allt eru ýmsar framkvæmdir í gangi?

Já, menn eru frjóir hérna, það er áræðni í fullt af mönnum sem vilja framkvæma. En það er verst með Helguvíkina að ekki er leitað meira til heimamanna, verktakarnir eru flestir af Reykjavíkursvæðinu. En svo eru sumir í erfiðleikum með að fjármagna verkefnin, það verður einnig að vera vit í því sem er verið að gera og heilbrigður



Starfsmenn Braga Guðmundssonar ehf. og Grindarinnar ehf. ásamt Ólafi S. Magnússyn, stjórnarmanni FIT.

rekstur. Við verðum að vera á varðbergi fyrir kennitölufлакki. Það er orðið erfitt að bjóða í verk þar sem verðin eru orðin svo ofboðslega lág. Ef maður er að reka heilbriggt fyrirtæki þá veit maður

alveg hvað hlutir kosta. Ég held að sumir sem eru að bjóða afspyrnu lágt í verkin geti ekki staðið við alla skatta og skyldur, eða þá að þeir eru að borga mönnum miklu lægri laun en eðlilegt er.



Bjarni Már Svavarsson.

Hvernig er atvinnuástandið?

Það er ekkert rosalaga gott miðað við hvernig það hefur verið áður. Það er nóg hjá okkur í augnablikinu en það er ekki mikið framundan. Maður vonar það besta. Það er fullt af verkefnum sem bíða en það virðist vanta vilja til að klára málin.



ÍAV - Íslenskir aðalverktakar eru eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins á öllum sviðum byggingariðnaðar. Starfsemi fyrirtækisins í Njarðvík og á Keflavíkurflugvelli er umfangsmikil, en í Njarðvík er rekið verkstæði og skrifstofa, og á gamla varnarsvæðinu er rekin trésmiðja, járnsmiðja, lager og steypustöð. Í járnsmiðjunni var verið að sjóða stálramma fyrir tónlistarhúsið þegar FIT kom í heimsókn.

Það verða að koma fleiri verkefni!

Hvernig er verkefnastaðan?

Það er brjálað að gera þangað til að tónlistarhúsið er búið. Við erum að vinna á kvöldin og um helgar. En eftir tónlistarhúsið þá er bara ekkert í gangi. En kemur þá ekki kísilverksmiðjan inn sem ráðgerð er hér suður frá?

Það á eftir að bjóða það verkefni út en það hlýtur að vera komin einhver hönnun af stað, en maður heyrir þetta bara í fréttunum eins og aðrir. En síðan er það eldsneytisverksmiðjan hér í Svartsengi. Við erum með tilboð í það verkefni sem á að vinnast í apríl og maí, en við bíðum eftir að fá að vita meira. Það eru búin að vera verkefni í gangi og verður út apríl og maí, en þá þurfa að koma til fleiri verkefni og sérlega þau sem hafa verið í umræðunni, eins og álverið og gagnaverið.



Sveinbjörn Jónsson, ÍAV.

Hvernig horfir atvinnuástandið við þér?

Það er frekar dökkt. Það er þegar búið að segja fólki upp og ég er þar á meðal og maður hættir í maí. Það þarf í raun stóráttak hér á Suðurnesjum til að rétta þetta við. Maður horfir ekkert björtum augum fram á að þessi verkefni fari í gang sem siglt hafa í strand, eins og gagnaverið og rörapípuverksmiðjan. Svo er spurning um hvort að álverið verði eitthvað annað en kexverksmiðja. Það tekur langan tíma að koma hverju verkefni af stað og það bendir ekki til þess að það muni nást fyrir vorið.



Guðmundur Björgvinsson, ÍAV.



Starfsmenn ÍAV, Guðmundur Björgvinsson, Sæmundur Örn Kjærnested, Björn Halldórsson, Sveinbjörn Jónsson, ásamt Ólafi og Hilmar frá FIT.

Ljósmyndasamkeppni

Enn á ný efnir FIT til samkeppni meðal félagsmanna um ljósmynd sumarsins. Að þessu sinni er þema keppninnar frjálst og því verður spennandi að sjá hugmyndaauðgi félagsmanna. Reglur keppninnar eru einfaldar en þær eru að myndin þarf að vera frá félagsmanni, maka

hans eða barni. FIT áskilur sér rétt til að birta innsendar myndir í fréttabréfi og á vef félagsins.

Veitt verða þrenn verðlaun en þau eru vikudvöl í einhverju orlofshúsi FIT á Íslandi utan sumarleigutímabils. Skilafrestur er til 31. október.



Myndir úr fyrri ljósmyndasamkeppnum FIT.



Skipasmíðastöð Njarðvíkur eða slippurinn var stofnuð árið 1945 og er því búin að starfa í um 65 ár, en meginverkefni eru viðgerðar- og viðhalds- verkefni á skipum. Þar er hægt að þjónusta skip sem eru allt að 50 metra löng og allt að 800 tonn að þyngd í skipaskýli allt árið um kring. Þar eru nú 19 manns í vinnu í heildina.

Verkefnastaðan ágæt með vorinu



Ólafur Magnússon, Logi Halldórsson, Auðunn Gestsson og Hilmar Harðarson.



Hvernig er verkefnastaðan hjá ykkur?

Það er rólegt eins og er, en það er von á verkefnum. Sumir hafa frestað því að koma inn með bátana sem ættu í raun að vera komnir inn, líklega er það bara peningaspursmál. Ef það er að veiðast vel í augnablikinu þá eru fiskiskipin einfaldlega í því, nema að það sé eitthvað mjög aðkallandi. En þetta er að venju rólegur tími hjá okkur, það er vertíðartími og menn halda sig á sjónum. En það er búið að vera ágætt að gera hjá okkur frá hrúni og verkefnin geta verið fljót að koma inn. Það er von á verkefnum hjá okkur og staðan er ágæt með vorinu.

En atvinnuástandið almennt?

Það er frekar dapurt á svæðinu, þetta álver er ekkert að rísa á neinum hraða, og álþynnuverksmiðjan, kísilverksmiðjan og gagnaverið eru sögð í vinnslu. Það á ýmislegt að koma með vorinu en það gerist ekkert á svo stuttum tíma. En maður trúir ekki öðru en að það muni eitthvað lagast, ef ekki á þessu ári þá á því næsta. Ég tel að það geti liðið allt að þrjú ár áður en það fer að gerast eitthvað af viti. En maður spyr sig líka um orkuna, ef hún er ekki til staðar þá gerist ósköp lítið. En það sem er það hættulegasta fyrir samfélagið hérna er atvinnuleysið.



Logi Halldórsson.

Tapaður starfskraftur eru náttúrulega bara tapaðar tekjur um ókomna framtíð, og meiri kostnaður fyrir samfélagið. Mér finnst persónulega að það megi leggja mikið á sig til að koma öllu af stað aftur.

Gamla ljósmyndin

Nú er unnið að uppsetningu sýningar í Árbæjarsafni um vagnasmiði. Sýningin opnar í júní og mun standa í allt sumar.



Í Vagna og bílasmiðju Kristins Jónssonar sem starfrækt var við Grettisgötu í Reykjavík. Á myndinni eru Magnús B. Gíslason, bifreiðasmiður (snýr baki í myndavélina) Gísli Bjarnason, járnsmiður, Böðvar Magnússon, vagnasmiður (sá eini sem hefur tekið próf í vagnasmiði á Íslandi, Kristinn Jónsson meistari hans fékk réttindabréf til starfa og kennslu vegna reynslu sinnar í greininni) og lengst til vinstri er Gísli Jónsson járn- og bifreiðasmiður.



MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is

24.03.2018 Þingvellir 15.10.5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is